

Vinnslustöðin hf  
Hafnargötu 2  
900 Vestmannaeyjar

Egilsstaðir, 24.6.2024  
UST202401-284/F.Æ.  
08.10.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. apríl 2024 – Vinnslustöðin, Vestmannaeyjum, ID 95**

Þann 12. apríl sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:**

1. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Samkvæmt sýni sem var tekið í nóvember 2022, var losun svifefna og COD með frárennslisvatni umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og eru áætluð lok verktíma í lok árs 2024.

**Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Þykktarmæla þarf olúgeyma OH-2 og OH-3 þar sem m.a. vegna eigendaskipta, er óljóst hvenær þeir voru mældir síðast.
2. Þrátt fyrir að unnið sé að endurbótum á lóð rekstraraðila, skal sjá til þess að farið sé eftir reglum, m.a. um geymslu efna.

**Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Svifefni og COD mældust yfir leyfilegum mörkum í mælingum í september 2023. Auk þess mældist, í sömu mælingum, of mikil fita í frárennslis hreinsistöðvarinnar.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. júlí 2024.**

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson  
sérfræðingur